

Skógar efla lýðheilsu fólks í þéttbýli

Forestry serving urban societies in the North Atlantic region

Alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík 16.-19. september 2009 skipulögð í tengslum við formennskuár Íslands í Norrænu ráðherranefndinni



Dagskrá

Miðvikudagur 16. september

18:00 Skráning og gestamóttaka („Ísbrjótur“).

Fimmtudagur 17. september

9:00-10:00 Opnun og kynning ráðstefnunnar.

10:00-10:30 Kaffihlé.

11:00-12:30 Allsherjarfundur um „*Skógrækt í þágu þéttbýlissamfélaga við norðanvert Atlantshaf*“.

- Brynhildur Davíðsdóttir (Ísland) – Þjónusta vistkerfa og skógarvistkerfi. *Ecosystems services and forest ecosystems.*
- Kjell Nilsson (Danmörk) – Skógar, tré, lýðheilsa og vellíðan – endanlegar niðurstöður úr COST-áætlun E39. *Forests, Trees and Human Health and Wellbeing - Final Outcome of COST Action E39.*
- Liisa Tyrväinen (Finnland) – Viðhald félagslegra gæða borgarskóga – framlag rannsókna til bættis verklags. *Sustaining social benefits of urban forests - recent contributions of research to practice.*
- Roland Gustavsson (Svíþjóð) – Landslagstilraunastofuhugtakið í Skandinavíu - handan ríkjandi stefnu í skipulagi og hönnun landslags *The Landscape Laboratory Concept in Scandinavia - Beyond the mainstream in landscape planning and design.*

12:30-14:00 Hádegisverður og tengslamyndun.

14:00-16:30 Samhliða fundir (sjá að neðan).

Fundur 1: Félagsleg gæði skóga; aðgengi, samsetning og áhugaverð fyrirbæri skógarins.

Social qualities of forests as affected by accessibility, structure and forest elements.

- Inngangserindi: Simon Bell (Stóra-Bretland) – Borgarskógar, lífsgæði og félagsleg útilokun. *Urban forests, quality of life and social exclusion.*

- Maija Sipilä, Liisa Tyrväinen og Harry Schulman (Finnland) – Skipulag fjölmenningarlegrar náttúru.
Planning intercultural nature.
- Sherry Curl (Ísland) – Notkun mikilvægis-frammistöðu matskerfis við skipulag og nýtingu skóga til útivistar.
Using the Importance-Performance Estimate in forest recreation planning and management.
- Kirsi Mäkinen (Finnland) – Upplifun og hönnun á tímarýmum í útivistarskógum.
Experiencing and designing time-spaces in the urban forests.
- Umræður
Fundur 2: Miðlun, samvinna og skógræktarstarf á samfélagsgrundvelli.
Communication, partnerships and community forestry.
- Inngangserindi: Andy Kenney (Kanada) – Kanadíska stefnumörkunin um borgarskóga: áskoranir og velgengi.
The Canadian Urban Forestry Strategy: Challenges and Successes.
- Chris Baines og Nerys Jones (Stóra-Bretland) – Að koma á fót grænum innviðum í borgarsamfélögum Bretlands: ný og markviss skipulagsferli
Achieving green infrastructure in the UK's urban communities: new strategic planning processes.
- Jeroen Glissenaar og Jeroen Voslkuilen (Holland) – Nálgun Arnheim til borgarskógræktar.
Arnhem approach to urban forestry.
- Jay Bolthouse (Japan og Bandaríkin): Enduruppbygging *satoyama* skóglenda: Breytingar á stefnumörkun um skóga og borgarskógrækt í útjaðri byggðar í Tókíó.
Re-assembling satoyama woodlands: Forest policy change and urban community forestry in peri-urban Tokyo.
- Umræður.

17:30 – 19:00 Móttaka í Kaffi Flóru (Grasagarðinum í Laugardal).

Föstudagur 18. september:

9:00-10:30 Allsherjarfundur um „*Skógrækt í þágu þéttbýlissamfélaga við norðanvert Atlantshaf*“.

- Cecil Konijnendijk (Danmörk) og Kevin Collins (Írland) – Vaxtarrými: að auðvelda þýðingarmikla þátttöku almennings í borgarskógræktarverkefnum.
Room to grow: Facilitating meaningful participation within urban forestry support programmes.
- Daði Már Kristófersson (Ísland) – Hagfræðilegt mat á útivistargildi skógarins í Heiðmörk.
Economic estimation of the recreational value of Heiðmörk forest area in Iceland.
- Clive Davies (Stóra-Bretland) – Að skapa stefnumótandi framtíð fyrir borgarskógrækt.
Shaping a strategic future for urban forestry.
- Umræður.

10:30-11:00 Kaffihlé.

11:00-13:30 Samhliða fundir (sjá að neðan) .

Fundur 1: Tengsl heilsu við útivist í skógum.

Health aspects of forest recreation.

- Inngangserindi: Ulrika Stigsdotter (Danmörk) – Sambandið á milli fjarlægðar frá heimili og nýtingar útivistarsvæðis, virkni og heilsutengdra lífsgæða: Niðurstöður könnunar á meðal dansks almennings.
Relationship between distance to and use of green space, physical activity and health-related quality of life - Results from a Danish national representative survey.
- Sus Sola Corazon (Danmörk) – Græðandi garðurinn í Nacadia: meðferð við streitutengdum sjúkdómum sem byggist á dvöl í náttúru.
The healing garden Nacadia: Nature-based therapy for people with stress-related illness.
- Hugh McNish m.fl. (Stóra-Bretland) - Lýðheilsutengdar hliðar útivistar í skógum: „Branching-Out“-áætlunin í Skotlandi.
Health aspects of forest recreation – the Branching Out programme in Scotland.
- Anna María Pálsdóttir m.fl. (Ísland/Svíþjóð) – Heiðmörk – fyrsta útivistaraskóglendi Íslands.
Heiðmörk – the first urban recreational forest/woodland site in Iceland.

- Umræður.

Fundur 2: Hönnun og skipulag skóga til útivistar og annarrar þjónustu.

Design and management of forests for recreation and other services.

- Inngangserindi: Anders Busse Nielsen (Svíþjóð) – Skipulag og varsla borgarskóga á mismunandi svæðum.
Design and management across urban woodlands zones.
- Björn Wiström og Dan Pálsson (Svíþjóð) – Breytingar á samsetningu ungskóga.
Structural development in young stands.
- Janis Donis (Lettland) – Skógræktaraðferðir, aðlaðandi skógar og útivist í skógum Lettlands.
Silvicultural systems, stated visual preferences and forest recreation in Latvia.
- Umræður.

13:00-14:30 Hádegisverður

14:30-16:00 Pallborðsumræður: skilgreiningar á sameiginlegri rannsóknaráætlun til framtíðar, byggðar á fjórum samhliða fundum um efnið.
Fundarstjóri: Simon Bell.

16:00-16:30 Kaffihlé.

16:30-17:00 Lokafundur. Kynntar helstu niðurstöður ráðstefnunnar.
Fundarstjóri: Aðalsteinn Sigurgeirsson.

19:00-22:00 Hátíðarkvöldverður.

Laugardagur 19. september:

9:00-17:00 Skoðunarferð um „borgarskóga“ höfuðborgarsvæðisins. Lagt af stað frá Grand Hótel Reykjavík: Elliðaárdalur, Mógilsá (Esjuhlíðar), Þingvellir, Heiðmörk og Höfðaskógur við Hvaleyrarvatn.

Bakgrunnur

Skógar gegna mikilvægu og margslungnu hlutverki fyrir íbúa landa sem liggja að norðanverðu Atlantshafi. Flest landanna eru, eins og Ísland, mjög borgvædd og því skipta skógar og önnur græn svæði í borgum miklu máli fyrir útivistarmöguleika íbúanna. Rannsóknir hafa sýnt fram á margvísleg jákvæð áhrif útivistar í skógi á lýðheilsu og velferð, þar sem skógar fullnægja ýmsum menntunar-, menningar-, og félagslegum þörfum fólks.

Dagana 16.-19. september 2009 verður haldin alþjóðleg ráðstefna á Grand Hótel Reykjavík um hlutverk skóga og skógræktar fyrir þéttbýli, með sérstakri áherslu á löndin við norðanvert Atlantshafið.

Til þess að tryggja að skógi vaxin útivistarsvæði geti haldið áfram að fullnægja sem best þörfum þéttbýlisbúa, er þörf á góðu skipulagi, hönnun og umhirðu. Hugtakið „borgarskógrækt“ (*e. urban forestry*) hefur verið notað til þess að lýsa skipulagi, vörslu og nýtingu skóga í og við þéttbýli. sem hefur að markmiði að bæta gæði skóga í þéttbýli fyrir útivist. Nær hugtakið jafnt yfir alla vörslu og umhirðu götutrjáa og trjálunda á opnum svæðum í þéttbýli, sem og þeirra skóglenda sem liggja í útjaðri þéttbýlis. Skógrækt verður í framtíðinni að leika stærra hlutverk við stjórnun grænna svæða í þéttbýli, með sjálfbæra skógvörslu, ítarlegt auðlindaskipulag til lengri tíma og þarfir íbúanna að leiðarljósi.

Markmið ráðstefnunnar

Ráðstefnunni er ætlað að safna saman vísindamönnum og fagfólki frá löndum við norðanvert Atlantshaf til þess að:

- 1) kynna og ræða nýjustu rannsóknir í skógrækt í þágu þéttbýlisbúa (borgarskógrækt).
- 2) finna leiðir til þess að nýta nýjustu þekkingu.
- 3) þróa sameiginlega rannsóknáætlun til framtíðar.

Markhópur ráðstefnunnar

Ráðstefnan beinist einkum að þremur hópum:

- 1) vísindasamfélaginu, einkum þeim sem stunda rannsóknir tengdar skógum til útivistar.
- 2) þeim sem annast rekstur og umhirðu útivistarskóga.
- 3) stjórnámönnum og embættismönnum sveitarfélaga; þ.e. þeim sem móta stefnu og taka ákvarðanir um útivistarsvæði í þéttbýli.

Ráðstefnan er einnig ætluð áhugamönnum og öðrum stjórnendum náttúrunýtingar og öllum þeim sem vilja fræðast um nýjustu rannsóknir á þessu sviði, beggja vegna Atlantshafs. Áherslan mun beinast að löndum við strendur Norður-Atlantshafs (Norðurlöndin, Írland, Holland, Stóra-Bretland, Kanada, Rússland, Bandaríkin, o.s.frv.) en þátttakendur frá öðrum löndum (svo sem Eystrasaltslöndunum) eru einnig velkomnir.

Skipuleggjendur

Viðburður þessi er haldinn í tengslum við formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009, í samstarfi við norræna-baltneska öndvegismiðstöð um rannsóknir á skógrækt í þágu samfélaga í þéttbýli [Nordic-Baltic Centre of Advanced Research on Forestry Serving Urbanised Societies (CARE-FOR-US, www.sl.life.ku.dk/care-for-us)] og samtök evrópskra skógræktarfélagasamtaka (European Forest Network). Gestgjafar eru Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá

(Rannsóknasvið Skógræktar ríkisins: www.skogur.is), Skógræktarfélag Íslands (www.skog.is), Landbúnaðarháskóli Íslands (www.lbhi.is) og Umhverfisstofnun (www.ust.is).

Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar

- Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson (formaður), Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá.
- Dr. Cecil C. Konijnendijk, University of Copenhagen.
- Dr. Anders Busse Nielsen, sænska landbúnaðarháskólanum, Alnarp.
- Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.
- Samson Bjarnar Harðarson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Dr. Hjalti Guðmundsson, Umhverfisstofnun
- Hrefna Jóhannesdóttir, Norrænu ráðherranefndinni.

Afurðir

Ætlunin er að niðurstöður frá ráðstefnunni muni birtast í sérstöku hefti TemaNord, ellegar sem sérstök útgáfa af fagtímaritinu „Urban Forestry and Urban Greening“.